

Námsgrein: Sjónlistir

5. bekkur

Kennari: Helga Dagný Einarsdóttir

Tíma fjöldi á viku: 3 kennslustundir, 7 vikur í senn

Kennsluaðferðir og skipulag: Útlistunarkennsla: Sýnikennsla og stuttir fyrirlestrar. Verklegar æfingar

Námsmat: Símat og leiðsagnarmat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferli

Grunnpættir menntunar

Grunnpáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur efla sjónrænt læsi með því að skoða greina og túlka myndir, tákn og liti.
Sjálfbærni	Nemendur vinna með efni og hugmyndir sem stuðla að ábyrgri umgengni við náttúru og samfélag. Meðvitund um skynsamlega notkun efnaviðar og góða umgengni áhalda.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að efla andlega vellíðan og sjálfsþekkingu í gegnum skapandi tjáningu í umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, rétta líkamsbreitingu og hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Virðing fyrir fjölbreytileika, ólíkum tjáningarformum og skoðunum er höfð að leiðarljósi.
Jafnrétti	Kennslan tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemena og stuðlar að inngildandi námsumhverfi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, prófa mismunandi aðferðir og efni og skapa á persónulegan hátt. Sköpun, frumleiki og sjálfstæð vinnubrögð eru í forgrunni í allri kennslu þar sem mistök eru tækifæri til að lærdóms.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Markmið
Verkefna mappa: Tvöfaldir stafir og neon myndir	Blýantur, trélitir, tússlitir, þurpastel, poscapennar, ýmiskonar myndir, kalkipappir	notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,	- Að merkja möppu með tvöföldum stöfum - Að velja myndefni eftir áhugasviði og smekk til að skreyta möppu - Að tileinka sér nýja aðferð við skreytingu
Op art (sjónvillu list)	Blýantur, reglustika, tússpennar, aðrir litir að eigin vali	- notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun, - nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,	- Að tileinka sér grunnreglur í teikningu fjarviddar - Að ljúka verkinu eftir eigin smekk
Leir lágmynd- Útilistaverk í heimabyggð	Vettvangsferð: Útilistaverkið Ískrsitallar eftir Gísla Helgason, blýantur, trélitir, steinleir, glerungur, ýmis áhöld	- notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun, - byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu, - unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. - beitt hugtökum og heitum frumþátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	- Að kynnst útilistaverki í heimabyggð - Að hanna eigin verk út frá kveikju - Að vinna verk í leir eftir eigin hönnun - Að þekkja hugtakið lágmynd
Listasaga: Pablo Picasso og Kúbismi	Kynning um listamann, teningaspil, blýantur, þekjumálning, penslar, poscapennar	- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk. - notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun, - þekkt og gert grein fyrir völdum verkum íslenskra og erlendra listamanna, lýst þeim og greint og fjallað um ýmsar stefnur myndlistar	- Að kynnst listamanninum Pablo Picasso og listaverkum hans - Að kynnst listastefnunni Kúbismi og fyrir hvað hún stendur - Að vinna verk frá skissu að lokaverki í anda Kúbisma stefnunnar

		með því að bera saman stíla og tímabil tiltekinna verka. • beitt hugtökum og heitum frumpátta og lögmála myndlistar sem tengjast aðferðum verkefna hverju sinni.	• Að blanda þá liti sem þarf í verkið úr grunnlitunum • Að þekkja hugtökin bakgrunnur, forgrunnur og portrait mynd (brjóst mynd)
Litafræði: Litahringur	Litahringur til útfyllingar, þekjumálning, penslar, blöndunarbakki	• notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,	• Að blanda annars- og þriðjastigs liti úr grunnlitunum • Að raða litum rétt í litahringinn